



Málstefna Grunnskóla Snæfellsbæjar

„Að geta tjáð sig, að tjá tilfinningar sínar, að tala og skilja þegar það er talað um okkur, við okkur, er fyrst og fremst það sem gefur okkur útlendingum inngang í íslenska samfélagið. Það er ekkert verra en að skilja ekki, þekkja ekki réttindin sín og í raun og veru að vera út undan. Þannig leið mér í mörg ár, þrátt fyrir ensku kunnáttu mína, ég var skilin út undan, enginn skildi mig og ég skildi enga.“

Fyrirv. nemandi skólans

Samkvæmt íslenskri málstefnu eiga öll skólastig að marka sér sína eigin málstefnu, þar sem markmiðið er að efla jákvætt viðhorf nemenda og starfsfólks til íslensku og hvetja til hvers konar tjáningar á íslensku. Málfærni grunnskólabarna leggur grunninn að frekara námi. Íslenska er ekki einvörðungu námsgrein heldur mikilvægasta verkfærið í öllu námi.

Grunnskóli Snæfellsbæjar vinnur út frá stefnu um skóla margbreytileikans þar sem sérhver nemandi er einstakur með tilliti til færni, menningar, áhuga, þarfa og tungumáls. Um 30% nemenda skólans eru fjöltyngdir og upprunalönd nemenda eru um það bil sjö. Íslenska er sameiginlega tungumálið og skólamál nemenda.

Starfsfólk Grunnskóla Snæfellsbæjar ber virðingu fyrir öllum tungumálum og hvetur nemendur og foreldra þeirra til þess að efla kunnáttu sína í eigin tungumálum.

Það er hlutverk starfsfólks að styðja við íslenskunám allra nemenda á skólatíma og veita þeim fjölbreytt tækifæri til að auka færni sína í íslensku, sbr. í lestri, hlustun, ritun og tali. Bókasöfn skólans hafa það hlutverk að bjóða upp á fjölbreytt úrval bóka og skapa umhverfi sem stuðlar að lestraráhuga nemenda.

Skólastarf

- Kunnátta í íslensku er forsenda farsællar skólagöngu, þátttöku í íslensku samfélagi og valdeflir nemendur.
- Í kennslustundum er íslenska sameiginlega skólamálið okkar.
- Samskipti í skólanum fara fram á íslensku með það að markmiði að efla grunnorðaforða nemenda.

Kennarar og starfsfólk

- styðja við íslenskunám allra nemenda á skólatíma.
- eru meðvitaðir um gildi markvissrar endurtekningar og eflingu orðaforða.
- leggja sig fram við að spyrja opinna spurninga og eiga gagnvirk samtöl við nemendur með virkri málnotkun.
- hvetja nemendur til að tjá sig á skólamálinu og auka færni sína.
- eru meðvitaðir um að þeir eru málfyrirmyndir og íslenskukennarar.



Nemendur eru hvattir til að tala íslensku á skólatíma þar sem allir geti tekið þátt í leik og starfi. Við leggjum okkur fram um að kenna nemendum að bera virðingu fyrir öðrum og *útiloka ekki aðra með tungumálinu*.

Túlkapjónusta

Foreldrar og kennarar geta óskað eftir túlkapjónustu með ákveðnum skilyrðum sbr. skilafundi sérfræðinga. Íslenskan er skólamálið og við túlkum íslensku yfir á tungumál fölskyldunnar sé því við komið. Mikilvægt er að allir geti skilið upplýsingarnar, að allir hafi rödd og geti tekið þátt í samtalinu.

Samantekt

Málfærni barna í grunnskóla leggur grunninn að síðara námi. Íslenska er ekki einvörðungu námsgrein heldur mikilvægasta verkfærið í náminu. Færni í íslensku stuðlar að betri lesskilningi en það er mikilvægur grunnur eigi börn að tileinka sér frekari þekkingu.

Það skiptir sköpum að börn í grunnskóla þrói með sér jákvætt viðhorf til íslenskunnar. Það er hlutverk okkar í grunnskólanum að stuðla að því að nemendur nái góðri færni í íslensku til þess að þeir séu sem best undirbúnir fyrir frekara nám og störf í framtíðinni.

Grunnskóli Snæfellsbæjar

4. febrúar 2025